

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 413/2010

2012/EES/54/46

frá 12. maí 2010

um breytingu á III., IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs til að taka tillit til breytinga sem samþykktar voru með ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2008) 156 (\*)

(413/2010/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs <sup>(1)</sup>, einkum a-lið 1. mgr. 58. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á 8. fundi sínum í desember 2005 samþykkti vinnuhópur um endurvinnslu og um forvarnir gegn myndun úrgangs (e. Working Group on Waste Prevention and Recycling (WGWR)) innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar að skýra orðalag færslu B1030 í IX. viðauka við Basel-samninginn. Breytingin á þeirri færslu hefur verið samþykkt með ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2008) 156 og á enn eftir að fá samþykki samkvæmt Basel-samningnum. Meðan beðið er samþykkis ráðstefnu aðila að Basel-samningnum og breytinga á V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 þykir rétt að fella þá skýringu á orðalagi inn í löggjöf Bandalagsins.
- 2) Á 11. fundi sínum í apríl 2008 samþykkti vinnuhópurinn um endurvinnslu og um forvarnir gegn myndun úrgangs innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar að breyta

orðalaginu í færslu AA010 í hinni gulu OECD-skrá yfir úrgang. Breytingin á þeirri færslu hefur verið samþykkt með ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2008) 156. Því er rétt að fella þá breytingu inn í löggjöf Sambandsins.

- 3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB <sup>(2)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum III., IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2010.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel Barroso

*forseti.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 119, 13.5.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

## VIÐAUKI

Ákvæðum III., IV og V. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í stað þriðja liðar I. hluta III. viðauka komi eftirfarandi:

„Að því er varðar þessa reglugerð:

- a) skal líta á allar tilvísanir í skrá A í IX. viðauka við Basel-samninginn sem tilvísun í IV. viðauka við þessa reglugerð,
- b) í færslu B1020 í Basel-samningnum tekur hugtakið „fullunnið hráefni“ til alls <sup>(3)</sup> málmrusls sem tvístrast ekki og er tilgreint þar,
- c) færsla B1030 í Basel-samningnum verði svohljóðandi: „Leifar sem innihalda torbrædda málma“,
- d) sá hluti í færslu B1100 í Basel-samningnum, sem vísar til „gjalls frá koparvinnslu“ o.s.frv., gildir ekki og í stað hans gildir OECD-færsla GB040 í II. hluta,
- e) færsla B1110 í Basel-samningnum gildir ekki og í stað hennar gilda OECD-færslur GC010 og GC020 í II. hluta,
- f) færsla B2050 í Basel-samningnum gildir ekki og í stað hennar gildir OECD-færsla GC040 í II. hluta,
- g) tilvísunin í færslu B3010 í Basel-samningnum um úrgang flúoraðra fjölliðna telst taka til fjölliðna og samfjölliðna flúoraðra etýlena (PTFE)“.

2. Í stað færslu AA010 í II. hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„AA010 261900 Sindur, eldhúð og annar úrgangur sem fellur til við framleiðslu járns og stáls <sup>(3)</sup>“,

3. Í stað færslu AA010 í skrá B í 3. hluta V. viðauka komi eftirfarandi:

„AA010 261900 Sindur, eldhúð og annar úrgangur sem fellur til við framleiðslu járns og stáls <sup>(3)</sup>“,

---